

## 28. fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar

Fundurinn haldinn 16. janúar 2015 kl. 9:40 við Norðurgötu

Mættir: Hrönn Hafþórsdóttir foreldrafulltrúi, Berglind Hrönn Hlynsdóttir foreldrafulltrúi, Sigurður Ægisson foreldrafulltrúi, Sigríður Salmannsdóttir fyrir hönd starfsmanna, tveir fulltrúar nemenda, þau Haukur Orri Kristjánsson og Aníta Ósk Logadóttir, Guðrún Unnsteinsdóttir aðstoðarskólastjóri og Ríkey Sigurbjörnsdóttir skólastjóri.

### 1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar var lesin upp og samþykkt samhljóða með smávægilegum breytingum.

### 2. Opinn foreldrafundur í febrúar

Á skóladagatali er settur opinn foreldrafundur þann 4. febrúar. Nú hefur verið ákveðið að fresta þeim fundi fram til þriðjudagsins 10. febrúar. Sigríður Dögg kynfræðingur kemur þann dag og heldur fyrirlestra fyrir nemendur unglिंगadeildar, alls 3 fyrirlestra. Um kvöldið verður svo boðið upp á opinn foreldrafund í Tjarnarborg. Kostnaður við komu Sigríðar Daggar skiptist á milli skólans og foreldrafélagsins. Almenn ánægja skólaráðs er með væntanlega heimsókn Sigríðar og mun skólastjóri senda póst á foreldra og auglýsa fyrirlesturinn þegar nær dregur.

### 3. Ýmislegt á nýju ári – til upplýsingar

Skólastjóri fór lauslega yfir helstu þætti sem samþykktir voru í fjárhagsáætlun skólans fyrir árið 2015. Rætt var um framlengingu deildarstjórstöðunnar um eitt ár, prentlausnir skólans, myrkvunargardínur sem komnar eru upp við Norðurgötu, nemendaskápa sem eru væntanlegir, spjaldtölvur og ný húsgögn. Almenn ánægja var með það sem fram náðist í fjárhagsáætluninni.

### 4. Önnur mál

- almenn ánægja var með framkvæmd litlu jólanna í skólanum
- málefni félagsmiðstöðvarinnar Neon rædd
- rætt um rútuferðir milli byggðarkjarnanna
- gönguleið nemenda milli skóla og íþróttahúss á Siglufirði rædd og þær hættur sem skapast geta á þessari leið þegar snjóþyngsli eru mikil
- Sigurður forvitnaðist um hvort einhver umræða hefði farið fram á unglिंगadeild um hryðjuverkin í Frakklandi

Fundi slitið kl. 10:40

Guðrún Unnsteinsdóttir